

Nd.

415. Nefndarálit

[189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á sameiginlegum fundum með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.

Nánari grein verður gerð fyrir afstöðu Brynjólfs Sveinbergssonar, Halldórs Ásgrímssonar og Guðmundar J. Guðmundssonar í framsögu.

Sighvatur Björgvinsson tekur fram eftirfarandi:

Um mál þetta hefur verið fjallað sameiginlega af hálfu fjárhags- og viðskiptanefnda beggja þingdeilda. Við skoðun málsins í nefndunum settu fulltrúar Alþýðuflokksins fram ýmsar hugmyndir um breytingar á upphaflegu frumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem allar miðuðu að því að komið yrði til móts við hagsmuni húsbýggjenda og íbúðarkaupenda og greiða fyrir því, að þeir gætu nýtt sér vaxtakostnað af lánnum vegna öflunar eigin húsnæðis til frádráttar við álagningu tekjuskatts. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar í fjárhags- og viðskiptanefndum hafa komið til móts við þessi sjónarmið Alþýðuflokksins og fallist á þær tillögur, sem fulltrúar hans í fjárhags- og viðskiptanefndum þingsins gerðu. Flestar breytingar á frumvarpi ríkisstjórnarinnar til rýmkunar á vaxtafrádráttarmöguleikum húsbýggjenda, sem gerðar hafa verið í meðferð Alþingis, eru þannig til komnar.

Þar sem þannig hefur verið komið til móts við sjónarmið Alþýðuflokksins af hálfu stjórnarliða mun ég fallast á það samkomulag, sem ég tel að náðst hafi í nefndinni með stjórnarliðum og Alþýðuflokknum, og mæli með afgreiðslu frv. eins og það er nú úr gærði gert. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að hér er um ný og vandasöm ákvæði að ræða, sem framkvæmdaörðugleikar kunna að vera á og ekki verða fyrir séð, en í ljós geta komið við álagningu, og ég geri ráð fyrir, að ef svo fer muni Alþingi endurskoða þessi ákvæði og þá með afturvirkni í huga ef sérstakt óréttlæti kann að koma í ljós.

Hugmyndir hafa komið fram um að veitt verði heimild til því sem næst ótakmarkaðs vaxtafrádráttar, t. d. vaxtafrádráttar af því tagi, sem næði til allra, auk íbúðarbyggjenda, en takmarkaðist e. t. v. við eitthvert hámarksþak. Slík frádráttarheimild væri fráhrarfrá grundvallarreglum gildandi skattalaga, sem allir flokkar þingsins hafa verið sammála um, og heimildir af því tagi bjóða upp á þá grófu misnotkun, að atvinnurekendur gætu flutt lán vegna rekstrar atvinnufyrirtækja sinna yfir á einkaframtal sitt og fengið vaxtagjöld af rekstrarlánnum fyrirtækja sinna þannig til frádrags við skattlagningu á eigin tekjur. Alþýðuflokkurinn er alfarið andvígur því, að heimildir séu veittar sem bjóða upp á slíka misnotkun, en telur nauðsynlegt að koma til móts við húsbýggjendur og íbúðarkaupendur í landinu með rýmilegum frádráttarheimildum, m. a. sökum þess, hversu mjög er nú að þessum aðilum þjarnað með gildandi lána- og vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 11. febr. 1981.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Brynjólfur Sveinbergsson,
fundaskr.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðmundur J. Guðmundsson.